



## **Jafnrétti í skólum**

**“Það læra börnin sem fyrir þeim er haft”**

**Heimspekisamræður með leikskólabörnum  
um jafnrétti í leikskólanum Lundarseli, Akureyri.**

**Leikskólinn Lundarsel,  
Akureyri, 15. maí 2009.**

## **Efnisyfirlit:**

Lýsing á verkefninu og framvinda	bls. 2 – 4
Mat á verkefninu	bls. 5 – 6
Ályktanir og lærdómur af verkefninu	bls. 7 – 11
Lokaorð	bls. 12
Fylgiskjöl	



## Lýsing á verkefninu og framvinda

### Skipulag verkefnisins og framkvæmd.

Við fórum af stað í þetta jafnréttisverkefni með það að leiðarljósi að börnin okkar myndu átta sig betur á því að allir eru jafnir, strákar og stelpur mega það sem þau vilja – kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.

Aðaláherslan hjá okkur var vinna með börnunum í formi barnaheimspekisvinnu og allskonar verkefnavinnu um kynin. Við þekkjum vel aðferð sem kallast heimspeki með börnum og nýttum okkur það form. Í heimspekivinnu velja börnin viðfangsefnið sjálf og setja fram sínar eigin tilgátur um viðfangsefnið. Þau styðja mál sitt með rökum og skapa sín eigin dæmi. Í heimspekilegri samræðu viljum við, fullorðna fólkið, samtímis þroska hæfileika barns til að rannsaka og móta jákvæð viðhorf til lífsins og annars fólks. Við viljum stuðla að því að rannsóknin verði lífstíll og á sama tíma efla virðingu fyrir eigin hugmyndum og annarra. Heimspekilegri samræðu með börnum er ætlað að dýpka og skýra reynslu barna, nálgast þannig nýjar hugmyndir og sannindi. Í heimspekivinnu með börnum er aðalatriðið að fram fari samræður milli einstaklinga og verið sé að kljást við eitthvað viðfangsefni uppúr bók eða frá öðrum samræðustökkpalli.

Við þýddum bókina “Den dag da Frederik var Frida” og ”Den dag da Rikke var Rasmus” og unnum með hana sem samræðustökkpall í hópastarfi með 4 og 5 ára börnunum. Hver hópstjóri fékk það frjálsræði að þróa sjálfur umgjörð vinnunnar, það gerði hann í takt við barnahópinn hverju sinni. Börnin fóru um það bil einu sinni í viku í jafnréttisvinnuna en þó ekki þær vikur sem annað þema var í gangi í skólanum.

Bókin sem heitir á íslensku ”Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar” fjallar um um stelpu sem vaknar einn morguninn sem strákur og svo um strák sem vaknar sem stelpa, og í miðri bókinni hittast þau og leika saman. Sagan spannar einn hversdagslegan dag, þau vakna í staðalmynduðum kynja/stelpu- og strákaherbergjum, borða morgunmat, fara í leikskólann, leika sér og upplifa væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra út frá kyni. Það eitt og sér að vakna upp einn dag sem hitt kynið er verðugt umhugsunarefni, hvernig yrði dagurinn minn þá, yrði ég – ég sjálf? Hvernig yrði mér tekið?

Við lásum í þessari bók um það bil eina opnu í einu, í hverjum jafnréttishópastarfstíma, og sýndum myndirnar í bókinni í leiðinni. Síðan eftir lesturinn spurðum við börnin hvað var nú skemmtilegast? Skrýtnast? Sorglegast? Áhugaverðast? Flottast? Eða spurðum börnin um hvað þau vildu ræða! Börnin völdu því þannig sjálf samræðu-punktinn með sínum orðum og hugmyndum. Stundum var stuðst við kennsluleiðbeiningarnar eða hugmyndabanka okkar að efni sem tengdist sögunni.

Við útbjuggum sem sagt kennsluleiðbeiningar með spurningum og vangaveltum tengdum sögunni, sem og föndur- og vettvangsferðahugmyndir. Við leitumst við að kortleggja þessa sögu fyrirfram og finna ráðgáturnar í henniog útbjuggum þannig verkefni og spurningar eða samræðuáætlanir. Í þessum kennsluleiðbeiningum eru því hugmyndir af skemmtilegri vinnu sem nýtast leikskólanum áfram, sem og öðrum sem hafa áhuga. En í þessari vinnu, svokallari barnaheimspeki, er þó ámælisvert ef unnið er eingöngu út frá kennsluleiðbeiningum, lið fyrir lið, kennarar verða að kanna áhuga og viðbrögð barnanna sinna við sögunni áður en gripið er til leiðbeininganna. Kennarar þurfa síðan að leiða samræðurnar þannig að hún haldist

spennandi, skemmtileg og ögrandi. Kennarar og börn eiga að leika sér í sameiningu að spurningum eins og: Af hverju? Hvað meinarðu? Hvernig þá? Hvers vegna? Hvað ef? Börnin eiga að komist að kjarna málsins út frá eigin undrunarefnum. Kennarinn verður því að kunna að undrast, láta sig dreyma, synda aftur á bak með börnunum og finna ráðgátur lífsins!

Í hópastarfinu voru börnin að hugsa og spjalla saman um efni bókarinnar. Hópstjórar skráðu samræður barnanna svo foreldrar gátu fylgst með umræðunni. Þannig teljum við að foreldrar hafi ef til vill velt jafnrétti eitthvað fyrir sér. Það er eins með kennarann, þegar unnið er með sama efni lengi og hlustað og velt fyrir sama efninu skilar það yfirleitt því að sá fullorðni horfir vel og lengi í eigin barm. Börnin spegla líka raunveruleikann til þess fullorðna og þannig teljum við að starfsfólk hafi velt jafnrétti mikið fyrir sér.

Starfsfólk Lundarsels vann með eigin viðhorf og orðræðu varðandi jafnrétti í skólum í formi umræðna á kaffistofunni og fengu til sín fyrirlestra um efnið. Það voru margar þælingar á lofti í skólanum, eins og er umhyggja okkar kynbundin? Huggum við stráka eins og stelpur? Tölum við eins við strák og stelpu? Erum við of kvenlægar í vinnunni eða? Við veltum fyrir okkur hugtökum eins og jafnrétti, karlmennska, kvenleiki. Einnig hvernig við getum sem best “kennt” börnunum að allir eru jafnir, strákar og stelpur. Eins hafa þælingar eins og eigum við að skipta okkur að þessu bleika þema í fatnaði stelpnanna, er það krafa eða val stelpna sjálfa? Við höfum spáð og spekulerað en aðallega skemmt okkur við þá iðju frekar en að taka ákvarðarnir, þó er ákveðið að verkefnabækur elstu barnanna sem voru bleikar og bláar hjá okkur verða grænar næsta ár.

Starfsfólkið spáði meira í leikföng og leikfélaga barnanna, skráði til dæmis leiki kynjanna til að skoða og spá. Starfsfólk bauð uppá staðalímyndað strákadótaval og stelpudótaval og reynt var að rýna í viðbrögð barnanna, sem voru furðulítill. Sem dæmi þótti börnunum bara spennandi að einn daginn voru bara bílar, trukkar, kubbar, tölvan og þvíumlíkt í boði í stýrðum leikjatíma. Engin stelpa spurði af hverju, heldur völdu börnin þetta staðlaða strákadót og smellti sér í leik. Starfsfólkið varð hissa, það átti von á að stelpurnar spyrðu af hverju væru er ekki dúkkur í boði eða eitthvað í þeim dúr. Stelpur og strákar hafa haft jafnan aðgang að smíðum síðast liðið ár og börnin smíðað þónokkuð mikið. Stelpur hafa sýnt aukinn áhuga á smíðum, þær smíða minni hluti og vilja líma og skreyta meira.

Starfsfólk áttaði sig í meira mæli á duldum skilaboðum sem víða liggja í barnabókum. Eldri barnabækur sýna bæði í myndum og texta frekar staðlaðar kynjaímyndir, en nýjar bækur snúa hlutverkunum oft við - við veltum fyrir okkur hvort það sé öfgakennt? Eins hefur starfsfólk spáð í söngtexta, og sungum við til dæmis Guttavísur bæði um Gutta og um óþekktar Lísu.

Starfsfólk hefur um nokkuð skeið hringt nokkuð jafnt út í bæði mömmur og pabba þegar börn þeirra til dæmis veikjast í leikskólanum. En aðaláherslan hefur þó verið í hvort foreldrið er betra að ná í með tilliti til vinnu, sem dæmi þá er frekar hringt í faðirinn sem er sjálfstæður smiður en móðurina sem er grunnskólakennari. Leikskólinn hefur líka um nokkuð skeið póstað á báða foreldra til dæmis fréttir og mánaðardagatal deildanna en viðbrögð foreldra hafa verið lítil. Einnig eru að sjálfsögðu báðir foreldrarnir á nafnalista með símanúmeraskrá eldri barnanna.

### **Markmiðin sem lagt var upp með í verkefninu.**

- að auka viðsýni barnanna og benda á margbreytileika lífsins
- að börnin læri að rökstyðja viðhorf sín og skoðanir
- að börnin læri að virða viðhorf og skoðanir annarra
- að börnin átti sig á að leikir, hlutir, föt og litir eru stundum kynbundnir sem þarf ekki að vera rétt viðhorf né skoðun (staðalímynd)
- að starfsfólk rýni í eigin barm varðandi viðhorf sín og orðræðu tengda jafnrétti í skólum.

### **Hvaða leiðir voru farnar til að ná markmiðunum?**

- Þýða bókina “Den dag da Frederik var Frida” og “Den dag da Rikke var Rasmus”
- Lesa bókina og ræða við börnin út frá textanum.
- Útbúa kennsluleiðbeiningar með sögunni.
- Nota uppeldislega skráningu á samræðum barnanna svo foreldrar geti tekið þátt í vangaveltunum/virkja þannig foreldra líka.
- Starfsfólk Lundarsels ætlar að vinna með viðhorf sitt og orðræðu, varðandi jafnrétti í skólum.
- Starfsfólk ætlar líka að hugsa út í smáhlutina eins og allir leikir í boði fyrir alla og allir vinir. Við, starfsfólkið ætlum að festa í minni að það læra börnin sem fyrir þeim er haft og setja á okkur kynjagleraun :-)

### **Hvers vegna voru þessar leiðir valdar?**

- að aukinni meðvitund og sjálfsþekkingu barnanna að stelpa er bara stelpa en ekki staðalímynd og eins með strákar – hann er bara strákur með margskonar áhugamál og drauma.
- að börnin átti sig á að allir eru jafnir, allir mega það sem þeir vilja – kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.
- að ýta undir gagnrýna hugsun, skoða málin og skoðanir, skoða staðalímyndir og mynda sér svo skoðun, til dæmis eftir að hafa heyrt hvað hinum finnst.
- ávinningur barnaheimspekinnar er að börnin þjálfast í að greina hugmyndir sínar í sundur og í því að koma auga á áður óþekkt tengsl. Börnin verða færari í að mynda sér sjálfstæðar skoðanir eftir að hafa velt hlutunum gagnrýnið og skapandi fyrir sér. Börnin öðlast aukinn skilning á sjálfum sér og öðrum. Og þau öðlast líka aukinn skilning á lífinu og tilverunni.

### **Kynning á verkefninu, útgáfa eða dreifing sem hefur farið fram eða er fyrirhuguð.**

- Við þýddum bókina góðu og jafnréttisstofa gefur hana út í lok maí 2009. Jafnréttisstofa áætlar er að gefa öllum leik- og grunnskólum bókina.
- Kennsluleiðbeiningar með bókinni verða aðgengilegar á heimasíðu jafnréttisstofu.
- Verkefnið verður kynnt á samnorrænni ráðstefnu, 22. september 2009.



## Mat á verkefninu

### Hvaða markmiðum var náð, og hvernig?

#### a) Hvernig var verkefnið metið?

Okkur reyndist erfitt að meta þetta verkefni, en þetta var jákvætt og skemmtilegt viðfangsefni, sem gerði okkur án efa gagn, því það að rýna í eigin barm hristi upp í starfsháttum okkar. Matið var frekar huglægt – en vitneskjan situr í kennaranum.

Börnin skemmtu sér vel í verkefninu og áttuðu sig án efa á því að leikir, hlutir, föt og litir eru stundum kynbundnir en það þarf ekki að vera rétt viðhorf né skoðun. Þau ræddu sérstaklega mikið um litaval, og að strákar geta verið í bleiku og stelpur í bláu. En þau komust að því að í raun er margt í heiminum sem er öðruvísi fyrir stelpur en stráka, samanber að fáir strákar eru í bleikum pollagöllum. En þau virtust vera flest á því að stelpur geta þó átt blá pollaföt. Samræðan og vinnan að þessu verkefni hefur þó gefið börnunum “þá víðsýni” að ekkert tiltöku mál er að velja sér bleika afmæliskórónu þó maður sé strákur. Á öskudegi núna í febrúar tókum við eftir því að tölvert fleiri stelpur fóru yfir þröskuldinn og voru til dæmis spiderman og riddarar en engin strákur var til dæmis prinsessa!

Þegar kennarar rýndu í skráningarnar á samræðum barnanna heyrist að börnin eru mjög flink í því að rökstyðja skoðanir sínar og virða viðhorf sín og skoðanir annara. Það heyrðist líka í skráningunum að efni bókarinnar var þeim hugleikið, þau tengdu og mátuðu innihaldið við sinn veraleika. Nokkur börn rannsökuðu sjálf að eigin frumkvæði til dæmis hvort mamma eða pabbi dældi bensíninu á bílinn, eða hvort maðurinn á bensínstöðinni gerði það. Síðan ræddu þau hvernig þau ætluðu að hafa þetta þegar þau mættu gerða alla hluti sjálf, og þá mátti heyra að þeim finnst að kyn, hvort maður er mamma eða pabbi eigi ekki að ákveða hvað maður gerir, heldur hvað manni langar!

#### b) Hvaða formlegar rannsóknir fóru fram um verkefnið?

Hópstjórar tóku flesta hópastarfstíma upp á diktafón en vegna tímaleysis var ekki unnt að vinna mikið úr skráningunum. Tekin voru viðtöl við tvo kennara, einn kvenkyns- og einn karlkynskennara, en litið unnið úr því. Að sjálfsögðu erum við svekkt yfir því en við erum samt full viss um að ferðalagið sjálft skiptir meira máli en ljósmyndin frá ferðalaginu.

Afurðin... Þátttakan ...Ferlið v.s Útkoman?

### Hver er ávinningurinn af verkefninu?

#### a) Metum við árangurinn út frá aukinni vitund barnahópsins eða út frá aukinni vitund starfsfólks skólans?

Verkefnið opnaði augu okkar um jafnréttismál og að gæta þarf að þeim málum við uppeldi og kennslu. Þetta verkefni opnaði ef til vill augu okkar fyrir því að strákar eru enn fastir í sínum kynjakassa á meðan stelpur eru óhræddari við að fara yfir gamla kynjaþröskuldinn. (Hugsanlega er þögult samkomulag ríkandi að það er í lagi að vera strákaleg-stelpa en ekki alveg eins inn að vera stelpulegur-strákur. Og að kennarar viðhalda þessu þögla samkomulagi stundum með háttalagi sínu og samskiptum við kynin - það er miður.)

Ávinningurinn er án efa efni í frekari vinnu og nám í kynjafræði. Hægt er að tala sig fjólublára í framan um kynin og hlutverk þeirra en verkefnið opnaði til dæmis augu okkar um að fyrirmynd er mikilvæg og því brýnt að bæði kynin sjái um uppeldi og menntun leikskólabarna. Við erum þó ekki að gera lítið úr hlutverki þess að tala saman um jafnrétti og kynin en “malandinn” og hegðun verður að fara saman. **Á orði og borði**

Við metum svo að bæði litlir og stórir innan veggja skólans hafi aukið vitund sína um jafnréttismál, það er að segja barnahópurinn og starfsmenn skólans.

**b) Stuðlaði verkefnið að gleggri vitund um jafnréttisstarf og jafnréttiskennslu í skólanum?**

Vinna kennara og barna með bókina góðu stuðlaði tvímælalaust að gleggri vitund um jafnréttismál, með því að setja á sig kynjagleraugum sjáum við að mörgu er að hyggja!

Kynbundið val á leikföngum, leikfélögum og litum er örugglega samfélagslegt vandamál sem leysist ekki nema að það sér rætt, skoðað og tekið á því. Börnin hegða sér oft út frá þeim væntingum sem gerðar eru til þeirra og því brýnt að kennarinn geri eins væntingar til kynjanna. Við viljum leitast við að hafa væntingar í takt við einstaklings áhuga og hæfileikum hvers og eins. Eins viljum við eindregið undirbúa börnin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulíf.

**c) Hvernig verður jafnréttisstarfinu haldið áfram?**

Við munum halda kyndli jafnréttis-hugsunar logandi áfram, með því að lesa og fræðast meira. Einnig munum við nota bókina og kennsluleiðbeiningarnar með henni aftur.

**Mat á stuðningi við verkefnið**

Við fengum þann stuðning sem við leituðumst eftir og sem við höfum tíma og ráð á að þiggja. Stýri- og faghópurinn stóð sig vel og fundirnir sem þeir stóðu fyrir voru lærdómsríkir og góðir. Verkefnisstjóri og Jafnréttisstofa studdi okkur mikið með hrósum og hvatningu, og eins barst okkur hlý orð frá skólaskrifstofu :) En samt var það svo að auðfinnalegt var að starfsmenn þurfa í grunninn meiri fræðslu í kynjafræðum.



## Ályktanir og lærdómur af verkefninu

### Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins / lærdómur.

Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að varðandi jafnrétti er að mörgu að hyggja og aðal áskorunin tengist starfsmanninum sjálfum og viðhorfum hans. Við komust að því að ákveðin naflaskoðun varð að vera og jafnvel hugarfarsbreyting. Það gerði verkefnið ögrandi en skemmtilegt. Vinna að þessu verkefni hefur vakið starfsmenn til umhugsanir um til dæmis hið bulda kynja”misrétti” í uppeldi og hin dulnu skilaboð um hvernig stelpur og strákar eiga að vera. Við veltum fyrir okkur af hverju við stundum gerum **okkur mjóradda og kjámum framan í ung stúlkubörn en gerðum okkur djúpraddaðri við unga drengi og segjum** setningar eins og vá hvað þú ert stór og sterkur. Einnig veltum við fyrir okkur hvort við huggum stráka eins og stelpur! Sem betur fer hlóum við mikið og skemmtum okkur við að velta upp þessum spurningum og kjánaleika þess hvernig við komum fram stundum.

Það gladdi okkur líka að hugsa um mikilvægi þess að byrja á grunninum og fræða börnin um jafnrétti strax á leikskólaaldri. Það var gaman að skapa umræðu hjá börnunum um kynin vitandi að þannig værum við ef til vill að skapa þeim bjartari framtíð – **“Með markvissri fræðslu og umræðu frá upphafi skólagöngu færum við ungu fólki tækifæri til að taka ákvarðanir varðandi framtíð sína á eigin forsendum, óháð staðalmyndum kynjanna og hefðbundnu starfsvali.” Jóhann Sigurðardóttir.**

Við komust að því að stelpur og strákar eru jafnréttissinnuð í umræðum um stelpudót og strákadót, stelpuföt og strákaföt svo framalega að það snerti þau ekki persónulega. Og því kemur fyrirmyndin þar sterkt inn (við starfsmenn í leikskólum) svo og það sem við blasir í nánasta umhverfi barnanna (vettvangsferðir og verkefni).

Börnin voru ræðin og yndislega áhugasöm þegar við vorum að vinna með bókina góðu. Þau voru alveg á því að lítið þarf að breytast þó einhver vakni sem gagnstætt kyn. Þau telja sig ekki þurfa að hugsa öðruvísi þó þau vakni sem hitt kynið né vera eitthvað öðruvísi. Þeim fannst skrítið að halda því fram að stundum sér komið öðruvísi fram við stráka og stelpur! Við komust einnig að því að þau eru frekar upptekin að því að vera stór/eldri, frekar en að vera stelpa eða strákur.

Hér má sjá lauslega upptalningu á hvað við höfum verið að gera varðandi jafnréttisverkefnið?

#### **Maí:**

- Fundur í Hafnafirði “fimmtudaginn 22. maí þar sem fulltrúar tilraunaskólanna hittust, viðruðu hugmyndir sínar og skiptust á skoðunum. Við lok vinnufundarins var samstarfssamningur þróunarverkefnisins *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* undirritaður.”

#### **Júní:**

- Verkefnið mótað með skýrslu: markmið, leiðir, ávinningur og mat. Nálgun okkar er í formi barnaheimspekisvinnu – vinna með bókina Þegar Rósa varð Ragnar og Þegar Friðrik varð Fríða, vinna með textann í hópastarfi.

#### **Júlí:**

- Unnið í að þýða bókina og pikka textann inn.
- Unnið af því að finna hugmyndir af verkefnum og samræðupunktum fyrir kennsluleiðbeiningar með bókinni.

#### **Ágúst:**



- Spjallfundur í Lundarseli með Ingólfi Ásgeiri J. og Katrínu Björgu Ríkarðsdóttir.
- Verkefnið formlega kynnt fyrir starfsmannahópinn á starfsmannafundi 29. ágúst. Aðallega spjallað um verkefnið sem tilraun til að setja upp kynjagleraugun á allt og alla, svo og hugmyndir af hópstarfsvinnunni með börnunum kynntar. Sagan/bókin kynnt og hugmyndir af kennsluleiðbeiningum. Flestir starfsmenn voru búnir að kíkja aðeins á verkefnalýsinguna og söguna.
- Lítið unnið í kennsluleiðbeiningum!
- Umræður í kaffistofunni og úti í garði um verkefnið, jafnrétti og hvernig við komum fram við stráka og stelpur, vangaveltum um hvort við komum örðuvísi fram við þau?

### Sept:

- Starfsmannafundur í Lundarseli, 9. september. Kristín Ástgeirsdóttir hélt stutta tölu um jafnréttissöguna, sýndi okkur myndir og talaði meðal annars um duldu skilaboðin til kynjanna um hvernig þau eiga að vera! Arnfríður Aðalsteinsdóttir hélt stutta tölu og fékk fundargesti svo til að opna og velta fyrir sér hugtökunum; karlmennska, kvenleiki og jafnrétti. Þá var skipti í umræðuhópa eftir aldri. Í lokin voru síðan umræður um hugtökin, verkefnið og líðan starfsfólks með verkefnið. Mikil vakning hjá starfsmannahópnum.
- Stór korton með hugmyndum okkar um jafnrétti hengd upp í kaffistofunni okkar.
- Kennsluleiðbeiningar eru enn í vinnslu en þó komið slatti af ágætum umræðupunktum - margir punktar eru hreinlega í sögunni sjálfri. Hópstjórar mjög sjálfstæðir og duglegir.
- Fundur í Reykjavík en Helga og Þórlaug komust ekki vegna veðurs.
- Fyrirlestur á ráðstefnu þann 26. september hjá Ingólfi. Mjög margir Lundarselsstarfsmenn fóru og hlustuðu vel! “Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Háskólann á Akureyri var með fyrirlestur sem hann nefndi Skólastarf undir smásjá kynjafræðinnar. Markmið fyrirlestursins var að ræða um hagnýtingu kynjafræða í skólastarfi bæði með tilliti til nýrrar löggjafar um öll skólastig og nýrra laga um jafnrétti kynja. Rætt var um viðhorf og kyn kennara, skólaþróunarstarf og mikilvægi þess að ólíkir þættir skólastarfs séu skoðaðir í kynjafræðilegu og kynjapólitísku ljósi.”
- Bækur sem gætu kveikt á kynjaumræðu tíndar til, stefnt að því að skrá þær seinna.
- Glósur um verkefnið og allskonar greinar tíndar til fyrir allt starfsfólk að lesa í.  
Ekki gert en var á planinu = Næsta skref hjá okkur er að útbúa spurningar/matlista fyrir einn kennara sem við leggjum fyrir hann áður en hann byrjar að vinna með bókina og kennsluleiðbeiningarnar. Við munum síðan spyrja sama kennara aftur í vor - heyra þá hvað verkefnið gerði fyrir kennarann og hvað hann telur að verkefnið hafi gert fyrir börnin eða þannig!  
Lítill tími fyrir hópstjóra að bera saman bækur.  
**Skortur á tíma.**

### Okt:

- Byrjum á bókinni í hópastarfi.
  - Elstu börnin (5 ára) einu sinni í viku, það eru 4 hópstjórar með elstu börnin, þau eru 24.
  - Næst-elstu börnin (4 ára) verða líka með, en óákveðið hve oft í viku, það eru 2 hópstjórar og 12 börn eða svo.
- Allir starfsmenn flétta verkefninu inni starfið sitt með því að setja á sig kynjagleraugun og huga að orðaræðu sinni og athöfnum.
- Unnin áfangaskýrsla um vinnuna með börnunum þar er rekið hvað hefur verið gert með börnunum.
- Hópstjórar halda áfram að taka upp samræðurnar, spá og spekulera í hvað börnin eru að velta fyrir sér og bara skemmta sér og börnunum vel með þessa fínu sögu/bók.
- 14. október fór þýðing Þórlaugar á bókinni góðu í póst – og svo hugsanlega í útgáfu.

- Farið í vettvangsferðir í tengslum við söguna og umræðurnar. Myndlistaverkefni unnin í tengslum við söguna og umræðurnar. Farið í leiki í tengslum við söguna og umræðurnar.

#### Nóv:

- Póstur 17. nóvember með a) áfangaskýrsla um hvað hefur verið gert með börnunum - hópstjórar segja lauslega frá hvað er gert í hópastarfi. b) skýrsla í öðru formi um hvað hefur verið gert - upptalning á hvað hefur verið gert. c) kennsluleiðbeiningar - bara drög.
- Sama gert og í okt, það er unnið með söguna í hópastarfi með börnunum, farið í vettvangsferðir og fleira.
- Kennarar áfram að spá og velta fyrir sér ýmislegu varðandi jafnrétti, til dæmis varðandi liti. Stafamöppur barnanna á kisudeild eru rauðar og bláar, rauðar fyrir stelpur og bláar fyrir stráka, ákveðið að svoleiðis “komi ekki fyrir aftur”. Hlustum vel á börnin í leik og hvort strákar og stelpur velja að leika saman eða ekki. Elstu börnin okkar eru aðeins farin að velja sér leikfélaga eftir kyni. Einn drengur sækir alltaf í að leika með eini stelpu og hinir strákarnir taka eftir því “þú leikur alltaf við hana, ekki okkur.” Þegar boðið er til borðs hafa kennarar beðið börnin að velja til skiptist strák og stelpu til að stelpurnar velji ekki allar stelpurnar fyrst og síðan strákana og öfugt. Þau hafa gaman að þessum leik og taka vel eftir ef einhver gerir vitlaust.
- Spáð í söngtexta og fleira!

#### Des:

- Pása í vinnunni með börnunum vegna anna við jólaundirbúning.
- Kennarar fóru þó ekki í pásu varðandi kynjagleraugun.

#### Jan:

- Haldið áfram með söguna/bókina góðu. Verkefni unnin samhliða textanum svo og farið í vettvangsferðir og leiki.
- Ýmislegt skráð eins og leikfangaval barnanna og leikfélaga val.
- Fundur í Reykjavík sem Þórlaug og Helga fóru á. “Fundurinn hófst með fræðilegu innleggi Ingólfs V. Gíslasonar lektors í félagsfræði við Háskóla Íslands en hann fjallaði um stöðu drengja og karla í tilverunni, jákvæðar hliðar og neikvæðar og hugsanlegar birtingarmyndir þeirra atriða í leik- og grunnskólum. Að loknu erindi Ingólfs var skólunum skipt í tvo hópa þar sem fulltrúar þeirra fóru yfir stöðu og framgang jafnréttisfræðsluverkefnanna undir handleiðslu faghópsins. Jafnréttisfræðsluverkefni Lundarsels byggir á heimspekisamræðum með leikskólabörnum um jafnrétti kynjanna. Til grundvallar er bókin „*Den dag da Frederik var Frida og Den dag da Rikke var Rasmus*“, sem fjallar um strák sem vaknar einn morguninn í stelpuheimi og stelpu sem vaknar einn morguninn í strákaheimi. Búið er að þýða bókina á íslensku og kennsluleiðbeiningar eru í vinnslu. Verkefnið sótti um styrk í Þróunarsjóð námsgagna til að gefa bókina út.”
- Mikið rætt um efnið um skólann.  
Ekki gert en var á planinu = Í janúar langar okkur síðan að fá annan jafnréttis-starfsmannafund, jafnvel með kennurum í Lundarskóla - spá þá betur í okkur, viðhorfum, orðaræðu og svoleiðis.  
**Skortur á peningum til funda.**

#### Feb:

- Unnið áfram í hópastarfi.
- ♀♂ þetta merki sett við skráningar inná heimasíðu kisu þegar unnið er með bókina góðu, allir hópstjórar leitast við að skrá tímana sína.
- Bráðarbirðaskýrsla unnin 6. feb.

- Fréttir af verkefninu sent út og fór inná heimasíðu jafnrétti í skólum, 6. feb.
- Póstur á alla starfsmenn Lundarsels.
- Mikill vakning á verkefninu innan skólans
- Ýmislegt skráð eins og leikfangaval barnanna.
- Lítið unnið í kennsluleiðbeiningum.

Ekki gert en var á planinu = Við eigum eftir að pikka inn samræður – úr hópastarfi.

Við eigum eftir að pikka inn vinnustaða-vettvangsferðirnar með kynjagleraugum.

Við eigum eftir að pikka inn leikfangaval barnanna.

Við eigum eftir að pikka inn viðbrögð barnanna við bara "stelpudót" og svo bara "strákdót" í boði.

Við eigum eftir að pikka inn hvernig vinir eru á deildinni, sem sagt út frá kynum/leikfélögum

Draga ljósmyndir sem tengjast verkefninu í möppu til að eiga myndræna lýsingu á verkefninu.

Skrá í hvernig búningum börnin verða á öskudaginn, verður einhver stráka-prinsessa eða stelpu-sjóræningi?

Spyrja foreldra einnar einfaldar spurningar fyrir lokaskýrslu sem foreldramat, eins og: Hefur

kynjaumræða skilað sér heim? eða Finnst ykkur mikilvægt að gæta að jafnrétti í uppeldi, eins og að koma eins fram við stráka og stelpur? Gerir þú meir kröfur á stelpuna þína að laga til en strákinn?

Pikka inn allar bækurnar í einn góðan bókalista - bækur sem eru góðar sem stökkpallur inni kynjaumræðu. Pikka inn grunnupplýsingar eins og Höfundur, Ártal, Nafn bókar og Útgáfufyrirtæki og pikka svo inn af hverju bókin er góð.

**Skortur á peningum til funda.**

### Mars:

- Fundur í Reykjavík 10. mars þar sem helstu niðurstöður úr bráðabirgðaskýrslum skólanna voru kynntar og sagt frá fyrirhugaðri ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum í september. Einnig var rætt um ramma að lokaskýrslu og umræður um endurmenntun kennara. Svo var fyrirlestur um kynjafræði og jafnréttisfræðslu á framhaldsskólastigi.
- Unnið áfram með bókina góðu.
- Áþreifanlegur skortur á kynjafræðipækkingu innan skólans sem birtist í óvissu í kennsluleiðbeingargerð og hvað má og má ekki í vinnu með börnunum. Mikil og þörf umræða innan skólans.

### Apríl:

- Unnið í kennsluleiðbeiningum á starfamannafundi 24. apríl, unnið var í þremur hópum við að finna hugmyndir tengdum bókinni.
- Íslensk þýðing bókarinnar yfirfarin, pikkuð inn og send til jafnréttisstofu.

### Mái:

- Rætt um kennsluleiðbeiningar á starfsmannafundi 8. maí. Starfsfólk eilítið pirrað yfir hvað verkefnið hefur vaxið en kennsluleiðbeiningar nokkuð góðar.
- Lokaskýrsla unnin.
- Áætlaður er fundur í Reykjavík 26. maí.
- Áætlað að klára kennsluleiðbeiningar í síðasta lagi í ágúst.

Ekki gert en var á planinu = Vinna úr skráningum fyrir lokaskýrslu og leikfangavali barnanna svo og punktum okkar um litaval barnanna.

**Skortur á tíma.**

### September:

- Áætlað að starfsfólk Lundarsels fari á ráðstefna í lok september.
- Verkefnið okkar verður kynnt svo og hin verkefnin.

Eins og sjá má á þessari upptalningu hér að ofan þá lærðum við að sjálfsögðu heilmikið en vegna tímaskrots og peningarleysis var ekki allt gert sem var á pláni. Það var reyndar líka lærdómsríkt að upplifa það!

### **Hefur eitthvað komið fram sem þið getið ráðlagt öðrum?**

Við ráðleggjum öðrum að opna umræðuna í skólunum sínum um viðhorf og orðræðu tengda jafnrétti í skólum, eins um það hvernig við komum fram við kynin. Velta fyrir sér einföldum hlutum eins og: Huggum við stráka eins og stelpur? Hvetjum við kynin eins? Eins ráðleggjum við öðrum að spjalla um jafnréttismál við börnin og finna hvernig þau skynja kynjahlutverkin. Spyrja þau jafnvel einfaldar spurningar eins og: Finnst þér að það sé komið öðruvísi fram við þig af því þú ert strákur/stelpa? **Geta/mega/vilja strákar og stelpur allt eins?**

Þýðingin á bókinni góðu um strákinn sem vaknaði sem stelpa mun nýtast öðrum svo og aðrar góðar barnabækur sem skapa umræðu um stöðu “prinsessanna” og “töffaranna” í skólanum!

### **Hvers konar stuðning, þekkingu, námsefni, ráðgjöf telur skólinn sig þurfa til áframhaldandi jafnréttisstarfs?**

Við teljum að við þyrftum námskeið, þekkingu á kynjafræðum, kennslu í jafnréttis vinnubrögðum í skólum. Einnig þurfum við tíma til að lesa allt það spennandi efni sem er til um jafnrétti og kynjafræði.



## Lokaorð

Þátttakendur í verkefninu “Jafnrétti í skólum” voru fyrst og fremst börnin í leikskólanum sem með áhuga sínum og leikgleði gerðu þetta verkefni að ógleymanlegri skemmtun og ánægju.

Vinnan að kennsluleiðbeiningunum var samt afar krefjandi og tímafrek. Það að semja spurningar og verkefni í beinni tengingu við sögutextann þannig að efnið haldist heimspekilegt og jafnréttistengt. Krefjandi gat verið að finna gátur sem knýja börnin og okkur áfram. Við áttum í vandræðum með að vera viss hvort við værum alltaf á rétti leið, eins og þegar börnin vildu fara í kapphlaup, strákar á móti stlepum, þá vorum við ekki viss hvort við ættum að vera að etja kynjunum þannig saman. Eða þegar börnin aftur og aftur vildu ræða um litaval kynjanna – hvernig áttum við að tækla það? Var í lagi út frá jafnréttissjónamiði að vera að ræða það svo mikið?

Í upphafi leit starfsfólk á verkefnið sem litla viðbót við leikskólastarfið en við vinnu á því óx verkefnið og óx í höndunum á okkur. Í upphafi var ákveðið að þýða og vinna kennsluleiðbeingar bara fyrir okkar skóla en þegar leið á verkefnið ákváðum við að taka þátt í að gefa hvort tveggja út og því fylgdi meiri ritvinnsluvinna en ella. Einnig rákum við okkur á það að okkur skorti þekkingu á kynjafræðum og nú vitum við að jafnréttisþælingar eru ekki lítið viðbót við leikskólastarfið heldur eitthvað sem leggst yfir allt - af þeim sökum var ekkert lítið við þetta verkefni.

Þrátt fyrir að við starfsfólk í Lundarseli höfum upplifað gríðarlegan tímaskort við að sinna þessu verkefni þá erum sammála um að þessi tími hefur verið mjög skemmtilegur og lærdómsríkur, en við ætluðum við okkur kannski um of í upphafi !

Við ætlum að halda áfram með velta fyrir okkur jafnrétti í skólum. Verkefnið “*Jafnrétti í skólum - Það læra börnin sem fyrir þeim er haft - Heimspekisamræður með leikskólabörnum um jafnrétti í leikskólanum Lundarseli*” náði að auka og efla jafnréttisfræðslu í leikskólanum. En rétt eins og titillinn á verkefninu okkar var langur þá eigum við efalaust enn langt í land.

Helga María Þórarinsdóttir,  
verkefnastjóri innan leikskólans.

## Fylgiskjöl:

Drög af kennsluleiðbeiningum okkar sem finna má fljótlega á heimasíðunni  
<http://www.jafnréttiiskolum.is>

Heimasíður eldri deildanna í Lundarseli, þar sem hópastarftímarnir voru skráðir  
<http://lundarsel.akureyri.is/kisa/kisusidur/hopastarf06.htm>  
<http://lundarsel.akureyri.is/bangsi/hopastarf/Hopastarf.htm>.

Þýðing á bókinni góða *Den dag da Frederik var Frida og den dag da Rikke var Rasmus*.  
Þegar Friðrik varð Fríða og Þegar Rósa varð Ragnar.

